

**Nd.**

**545. Frumvarp til laga**

**[179. mál]**

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

**1. gr.**

1. mgr. 32. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kaupþúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera  $12\frac{1}{2}$  af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

**2. gr.**

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 4.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

**3. gr.**

86. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 36.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

Sama gjald skal greitt af birgðum af þessum vörum, sem til eru í landinu, er lög þessi öðlast gildi, eftir reglum 92. gr.

**4. gr.**

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 14 500.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast kr. 14 500.00 og auk þess kr. 500.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að öikumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli.

Í reglugerð er ráðherra enn fremur heimilt að ákveða tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir kílómetragjald, svo og kveða á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

- c. Af bifhjólum kr. 200.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

**5. gr.**

Aftan við 1. mgr. 91. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Ef um disilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarkerkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.

4. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 22. des. 1965, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1968 skal þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, greiddur fyrir allt árið samkvæmt ákvæðum b-liðs 4. gr. laga þessara. Skal hækkun sú á þungaskattinum, sem af lögum þessum leiðir, falla í gjalddaga 1. júlí 1968.

Tekjum þeim, sem vegasjóður fær með lögum þessum árið 1968, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Til greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968 .....		21.0
2. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967:		
a. Halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara .....	21.0	
b. Halli á brúargerðum .....	2.0	
		23.0
3. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum veg- áætlunar:		
a. Viðhald þjóðvega .....	17.3	
b. Til brúargerða .....	10.0	
c. Til endurbóta á hættulegum stöðum .....	4.0	
		31.3
4. Til kaupstaða og kauptúna, svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð .....		9.4
5. Til nýrra vega:		
Strákavegur .....	16.8	
Ólafsfjarðarvegur .....	1.0	
Suðurfjarðavegur .....	6.5	
		24.3
		<hr/>
		Samtals 109.0